

1951 2011



---

# Ársskýrsla 2013-2014

## Björk, fimleikafélag

### 6. maí 2014

---



**RioTintoAlcan**  
ISAL-STRÁUMSVÍK

## Aðalstjórn

Aðalfundur félagsins var haldinn 20. mars 2013 og voru kjörin í stjórn:

- Ingvar Kristinsson formaður,
- Kristinn Arason í stjórn til tveggja ára,
- Andrés Andrésón í stjórn til tveggja ára og  
Fyrir í stjórn var Sjöfn Jónsdóttir og sat áfram til eins árs  
Að auki var Hannes Pétursson kjörin í stjórn til eins árs þar sem Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandid setu í stjórn.

Í aðalstjórn sitja auk þess fulltrúar deilda, það hafa verið formenn deildanna þau Þór Ólafsson, Gauti Már Guðnason og Sigríður Hafþórsdóttir.

Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Andrés var varaformaður og Hannes ritari. Stjórnin hélt fimm bókaða fundi á tímabilinu nokkuð óreglulega að þessu sinni.

Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að skerpa á hlutverkum deilda og aðalstjórnar og færa sem mest af daglegri umsjá félagsins á herðar launaðra starfsmanna þess. Með þessu þá hefur gefist betra rými hjá aðalstjórn í að fylgjast með rekstrinum og vinna enn betur að framtíðaruppbyggingu félagsins.

Starf deildanna hefur verið með mjög gott í vetur og árangur í samræmi við það eins og glögg sést í skýrslum deildanna. Aðstaðan sem félaginu er mörkuð í íþróttamiðstöðinni Björk þrengir mjög af starfsemi félagsins og þá sérstaklega fimleikdeildinni. Það voru mikil vonbrigði þegar ljóst varð síðast liðið vor að Björk fengi engan tíma í Andrasal veturinn 2013-2014. Úr rættist þó lítillaga þegar líða tók á veturinn, en ekki nóg. Hér er verk að vinna, í fyrstu atrennu þurfum við að koma boltaíþróttum út úr húsi þannig að félagið geti nýtt Andrasal fyrir æfingar í samvinnu við Dansíþróttafélagið. Björk þarf síðan að huga að frekari uppveiti félagsins og móta sér áherslur í þeim efnum. Hafnarfjörður er að stækka og félagið þarf að vera í stakk búið til að mæta fjölgun íbúa á næstu árum.

Megin verkefni aðalstjórnar á starfsárinu voru:

1. Samskipti við Hafnarfjarðarbæ vegna viðhalds og endurnýjunar áhalda og annars búnaðar
2. Loka samningi við Íslandsbanka um útistandandi lán
3. Fylgjast með rekstri félagsins
4. Rýna skipulag félagsins og festa það enn frekari í sessi með því að færa það í lög félagsins

Stór og mikilvæg skref voru stigin á árinu í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ um endurnýjun og viðhald áhalda og búnaðar hjá félaginu. Þar rís hæst samkomulag um endurnýjun á gryfjunni í fimleikasalnum og í litlu Björk sem ráðist verður í í sumar.

Með góðri aðstoð Hafsteins Þórðarsonar tókst að semja við Íslandsbanka um uppgjör á lánum félagsins. Samkomulaginu sem gengið var frá í febrúar sl. gerir félaginu mögulegt að greiða lánin upp á ásættanlegum tíma og án þess að íþyngja rekstri félagsins. Með þessu samkomulagi við Íslandsbanka lýkur fjárhagslegu endurskipulagningu félagsins sem hófst í árslok 2009. Enn á þó eftir að greiða upp um 11 mkr. lán og það á að vera metnaður félagsins að ljúka þeirri uppgreiðslu sem fyrst.

Rekstur félagsins er í járnum og má lítið útaf bregða svo ekki fari á verri veg. Launa- og þjálfunarkostnaður þarf að halda í við æfingagjöld og má ekki fara útaf sporinu með það. Á árinu

hækkaði þessi kostnaður nokkuð meira en sem nemur hækkun æfingagjalda. Gæta þarf að þessum þáttum og var strax brugðist við í upphafi vorannar 2014.

NORA kerfið til félagaskráningar og innheimtu æfingagjalda er komið til að vera og hefur reynst að mestu leiti vel. NORA er nú notað til að halda utan um alla iðkendur í íþróttastarfi hjá Hafnarfjarðabæ og eru iðkendatölur teknar úr því kerfi fyrir skýrslugerð til ÍSÍ og Hafnarfjarðabæjar.

Áfram var unnið eftir því skipulagi í rekstri og stjórnun félagsins sem mótast hefur á síðustu 3-4 árum. Þar sem deildirnar stýra íþróttalegu starfi í sinni deild á meðan aðalstjórn gætir að rekstrinum. Unnið hefur verið að því að hver deild geti nýtt tekjuafgang sinn til ákveðinna verkefna sem deildin fær samþykkt hjá aðalstjórn. Mikilvægt er að færa þetta fyrirkomulag í stjórnun og skipulagi félagsins sem reynst hefur vel inni lög félagsins svo þau sem á eftir koma í stjórn hafi skýrar línur um hvað virkar hjá fimleikafélaginu Björk. Aðalstjórn leggur fyrir þennan aðalfund ný lög, sem um margt byggja á eldri lögum, skerpt á því sem óljóst þótti, færð inn ný atriði sem þótti vanta og stjórnskipulagi breytt miðað við fengna reynslu á umliðnum árum.

Nokkur verkefni bíða nýrrar stjórnar að móta og útfæra sem fráfarandi stjórn vann lítið sem ekkert í á síðasta ári. Þar má nefna mótun á framtíðaruppbyggingu félagsins, sækja enn og aftur á bæinn um að fá að taka við rekstri íþróttamiðstöðvarinnar Björk, skilgreina ramma og stuðning við afreksíþróttafólk hjá Björk og koma á fót félagadeild eins og ný lög gera ráð fyrir.

Öllum sem hafa lagt félaginu lið á síðasta starfsári er þakkað mikið og óeigingjarnt starf. Það er vandséð hvernig unnt væri að reka félag eins og Fimleikafélagið Björk án þess mikla sjálfbóðaliðsstarfs sem margir leggja á sig í þágu félagsins.

## Starfsfólk

Engar breytingar urðu á starfsfólki á skrifstofu félagsins á síðasta ári. Þar starfa þau Guðjón Guðmundsson sem framkvæmdastjóri félagsins, Hafsteinn Þórðarson sem sér um bókhald og fjármál félagsins og Ragnheiður Hjaltalín í almennum skrifstofustörfum, umsjón með hópaskráningu ofl. Guðjón sér um ráðningu á öllum þjálfurum félagsins sem og skipulagi og umsjón með starfsemi félagsins. Guðjón og Ragnheiður eru jafnframt þjálfarar í fimleikadeild. Oft vinna þau langan vinnudag og mætt um helgar þegar eitthvað er um að vera hjá félaginu.

Kröfur umhverfisins til starfsemi íþróttafélags eins og Björk eykst stöðugt. Vandséð er að hægt verði að mæta þeim kröfum öllum með æfingagjöldum einum sér. Hafnarfjarðabær verður að koma meira og betur að rekstri íþróttafélaganna ef unnt á að vera að mæta öllum þessum kröfum og halda jafnframt áfram því metnaðarfulla starfi sem þar fer fram.

Fastráðnir þjálfarar félagsins í hálfu starfi eða meira veturinn 2013-2014 voru þau:

Hlín Árnadóttir – þjálfari fimleika stúlkna

Sjöfn Jónsdóttir - þjálfari klifurdeild og fimleikadeild

Örn Árnason – þjálfari klifurdeild

Jóhannes Niels Sigurðsson – þjálfari fimleikum stúlkna

Sigurður Bjarnarson – þjálfari fimleikum stúlkna

Cesar Rodriguez Luna – þjálfari í TKD

Andrea Németh – þjálfari fimleikum stúlkna og FitKid  
Siarhei Hubski – þjálfari fimleikum stúlkna  
Vladimir Zaitsev – þjálfari fimleikum stráka  
Hildur Ketilsdóttir – þjálfari fimleikum stúlkna

Aðrir þjálfarar voru tímaráðnir. Eftirtaldir voru með sértakt hlutverk:

Guðrún Bjarnadóttir – umsjón leikskólahópar  
Óli Tómas Freysson - umsjón Parkour  
Hildur Vilhelmsdóttir – umsjón forskólahópa  
Lára Huld Ólafsdóttir – umsjón pæjuhópa  
Hafdís Jónsdóttir – umsjón ponsuhópa  
Brynhildur Hlín Eggertsdóttir – umsjón hópfimleika

Í heild eru um 40 þjálfarar og leiðbeinendur hjá félaginu.

Með fækkun erlendra þjálfara hjá félaginu hefur þörfin fyrir að leigja húsnæði minnkað. Félagið er ekki með neitt húsnæði á leigu núna í ársbyrjun 2014.

Mikilvægasta verkefnið í allri stjórnun og skipulagi félagsins er nýting á þjálfarateymi félagsins. Röðun og skipulag hópa ræðu mestu um afkomu félagsins. Ef vel tekst til þá er reksturinn í fínu lagi, en getur farið illa ef ekki er vandað til verka. Þetta er eilífðar verkefni og verið að vinna með margar breytur sem taka þarf tillit til.

Auk þessara starfsmanna voru um 12 starfsmenn í mislangan tíma við störf hjá félaginu sumarið 2013. Þeir starfsmenn voru ráðnir hjá vinnuskóla Hafnarfjarðar en sinntu verkefnum hjá fimleikafélaginu Björk.

## Starfssemin

Mjög svipaður fjöldi iðkenda hefur verið í félaginu undanfarin ár eins og sést á töflu hér að neðan. Á undanförunum árum hafa hópar verið færðir frá almenningsdeild yfir í fimleikadeild. Á ársþingi Fimleikasambandsins í maí 2013 var samþykkt að taka Parkour inn sem grein í fimleikum. Í því ljósi var ákveðið að færa Parkour undir fimleikadeild frá og með ársbyrjun 2014. Í almenningsdeild eru þá aðeins iðkendur í FitKid á þessu ári.

Félagið ákvað síðast liðið haust að fækka æfingatímum hjá iðkendum frekar en að takmarka fjöldan í ljósi skertrar aðstöðu félagsins síðast liðin vetur.

Biðlistar voru þó í allra vinnsælustu hópana í byrjun annar, þ.e. leikskólahópa og Parkour en vel tókst til með að finna öllum pláss. Forskólahópar í fimleikadeild hafa reynst mjög vel og eru komnir til að vera. Þetta breytta skipulag hefur dregið úr brottfalli sem ekki er eins mikið að þessu sinni og oft hefur verið.

Auk þess að fá skerta úthlutun tíma í Andrasal þá heftir takmarkaður opnunartími á íþróttamiðstöðinni Björk mögulegan vöxt félagsins. Það er komin



tími á að Hafnarfjarðabær endurskoði þá ákvörðun sína og er þess vænst að frá og með næstu áramótum verði liðkað til með opnunartímann. Eins þarf að opna aftur viðræður við Hafnarfjarðabæ um að félagið sjái um rekstur íþróttamiðstöðvarinnar á sama hátt og önnur íþróttafélög í bænum gera á sínum íþróttasvæðum.

Í töflunni hér fyrir neðan sést hvernig iðkendafjöldi hefur þróast hjá félaginu síðustu tvö ár. Staðan er tekin í lok október og um miðjan mars á hverju ári.

Fjöldi iðkenda	Vorönn '14	Haustönn '13	Vorönn '13	Haustönn '12	Vorönn '12
<b>Samtals</b>	<b>854</b>	<b>802</b>	<b>771</b>	<b>799</b>	<b>746</b>
<b>Almenningsdeild</b>	<b>27</b>	<b>24</b>	<b>89</b>	<b>226</b>	<b>186</b>
Fitkid	27	24	25	18	21
Fjör&Fimi		-	-	-	-
Leikskólahópar		-	-	122	75
Parkor			64	86	90
Fullorðinsfiml.		-	-	-	-
<b>Fimleikadeild</b>	<b>703</b>	<b>661</b>	<b>570</b>	<b>448</b>	<b>433</b>
Leikskólahópar	157	145	126	-	-
Parkor	77	79			
Fullorðinsfiml.					
Forskólahópur	107	96	94	98	-
ÁhFim-Strákar	92	80	83	85	98
ÁhFim-Stelpur	227	220	254	248	299
Hópfimleikar	43	41	13	17	36
<b>Klifurdeild</b>	<b>73</b>	<b>71</b>	<b>58</b>	<b>61</b>	<b>63</b>
<b>Taekwondodeild</b>	<b>51</b>	<b>46</b>	<b>54</b>	<b>64</b>	<b>64</b>

Önnur starfsemi félagsins var með hefðbundnu sniði. Félagið hélt áfram að leigja út aðstöðu félagsins fyrir afmæli og aðrar uppákomur. Sú útleiga er mikilvægur hlekkur í tekjuöflun félagsins og ljóst að félagið þyrfti að draga verulega saman seglin án þeirra tekna. Vel hefur tekist til með að virkja heimasíðu félagsins til upplýsingamiðlunar. Jafnframt er félagið á Facebook sem er notuð til að miðla upplýsingum og jafnframt skiptast iðkendur og foreldrar á upplýsingum um einstaka viðburði. Fimleikadeild hefur haldið áfram að nýta sér þessa samskiptamiðla og stendur fremst annarra fimleikafélaga um miðlun upplýsinga frá mótum.



Í desember var valið íþróttafólk Björk á árinu 2013. Kristjana Ýr Kristinsdóttir fimleikakona og Guðmundur Freyr Arnarson klifrarir voru valin íþróttakona og íþróttamaður fimleikafélagsins Björk árið 2013.

Kristjana Ýr var auk þess íþróttakona fimleikadeildar og Stefán Ingvarsson var íþróttamaður fimleikadeildar.

Guðmundur Freyr var auk þess íþróttamaður klifurdeildar og íþróttakona klifurdeildar er Helena Hrund Jónasdóttir.

Íþróttamaður og íþróttakona Taekwondodeildar eru þau Axel Magnússon og Hrafnhildur Rafnsdóttir.



## Afreksstarf

Eitt þeirra verkefna sem aðalstjórn félagsins mætti vinna meira að eru afreksmál félagsins. Mótuð hefur verið stefna í afreksmálum félagsins sem eftir á að hringja betur í framkvæmd með því að skapa okkar fremsta íþróttafólki enn betri umgjörð til að æfa og keppa í íþrótt sinni.

Töluverð umræða hefur verið síðustu misseri um aðstöðu afreksfólks okkar í íþróttum, en lítið hefur enn verið gert til að bæta hag þess. Það þurfa allir að leggjast á eitt ef góður árangur á að nást. Öll þjóðin gleðst með þegar vel gengur og við viljum gjarnan fá að njóta enn fleiri slíkra stunda. En það verður ekki nema að tilkomi meira fjármagni til stuðnings þessu afreksfólki. Þeir íþróttamenn sem valdir voru til að keppa fyrir Ísland erlendis á árinu þurftu allir að reiða stærsta hluta ferðakostnaðarins fram úr eigin vasa, 100-200 þús.kr. fyrir hverja ferð og jafnvel enn meira fyrir ferðir á fjarlægjar slóðir. Það er óásættanlegt að fjárhagur iðkenda og/eða foreldra þeirra ráði því hvort að unnt sé að senda okkar best fólk til keppni erlendis eða ekki.

Lykillinn að góðu afreksstarfi er samt ávallt gott starf fyrir alla. Án fjöldans og þess ramma sem þeir setja starfinu næst ekki mikill árangur. Upp úr þeim grunni verður til okkar afreksfólk.



## Almenningsdeild

Starfssemi almenningsdeildar hefur dregist enn frekar saman á árinu. Með flutningi Parkour yfir í fimleikadeild frá og með síðustu áramótum þá eru aðeins FitKid hópar eftir í almenningsdeild. Á síðasta ári voru þó bæði Parkour og FitKid

Parkour – 3 hópar 9-20 ára, umsjón Óli Tómas Freysson

FitKid – 2 hópar 7-16 ára, umsjón Andrea Németh

Þessir hópar æfa 2-4 sinnum í viku 1,5 – 2 klst. Í hvert sinn.

Parkour er komið til að vera og með því að Fimleikasambandið hefur tekið þessa grein inn til sín, þá hefur skapast enn traustari rammi utanum þessa íþróttagrein.

Fitkid hóparnir halda áfram að bæta við sig og er þetta í raun grein sem ætti líka heima undir fimleikum en ekki hefur fundist farvegur þar undir enn sem komið er.

## Aðstaðan

Stór skref voru stigin í endurbótum á áhöldum félagsins á árinu með aðstoð Hafnarfjarðabæjar. Keyptar voru nýjar tvíslár fyrir karla og konur og nýr stökk hestur sem nýttist bæði í áhaldafimleika karla og kvenna. Þá var keypt nýjar dýnur fyrir golf í TKD og nýjar festingar og búnaður fyrir klifurvegg. Samtals var búnaður endurnýjaður fyrir um 3 mkr. Í ársbyrjun keypti síðan foreldrafélag fimleikadeildar tvær nýjar jafnvægisslár fyrir afrakstur af starfi sínu síðast liðið ár.



Félagið sjálf hefur staðið fyrir fjáröflunarverkefnum og hafa þeir peningar verið eyrnamerkir áhaldakaupum. Á síðasta ári fóru þeir fjármunir meðal annars í endurnýjun á dýnum ofl. Smá viðhald og endurbætur.

Í ársbyrjun samþykkti Hafnarfjarðabær að bjóða út endurnýjun á gryfjum í fimleikasalnum og í litlu Björk. Sú endurnýjun var orðin mjög brýn og núverandi aðstaða ekki lengur boðleg og á undanþágu frá eftirlitsaðilum. Við hjá Björk hlökkum til að vígja nýjar gryfjur næsta haust.

Það ber að þakka Hafnarfjarðarbæ sérstaklega fyrir veittan stuðning við þessar endurbætur.

## Fjármálin

Árið 2013 var gott rekstrarár hjá félaginu. Afgangur varð af rekstrinum, ekki mikill en þó afgangur. Ákveðið var að færa fjárfestingar í nýjum búnaði í gegnum efnahagsreikning félagsins að þessu sinni. Þar er lang stærst fiberbrautin sem keypt var í upphafi ársins 2013 á tæpar 4 mkr. Áfram var beitt sömu reglu um niðurfærslur á ógreiddum æfingagjöldum nú í byrjun þessa árs og gert hefur verið undanfarin ár, þ.e. að gjaldfæra öll ógreidd æfingagjöld til og með 31.12.2012. Áfram verður þó reynt að innheimta þau æfingagjöld eins og kostur er.

Eins og sést á meðfylgjandi yfirlit um reksturinn árið 2013 eru ekki mikil frávik frá rekstri ársins 2012. Helsti munurinn liggur í verkefnum eins og t.d. NM pílta sem haldið var í október 2012, en ekkert slíkt er í reikningum 2013. Hafnarfjarðabær samþykkti í árslok að endurgreiða félaginu úlagðan kostnað fyrri ára vegna viðhalds og endurbóta á áhöldum og búnaði að upphæð 2mkr. sem skýrir hærra framlag frá Hafnarfjarðarbæ. Þá er rétt að geta þess að samkomulag við Íslandsbanka felur í sér að annað lánið hjá Íslandsbanka fellur út sem styrkur með samkomulagi til 3ja ára. Þessi ráðstöfun kemur ekki inní reikningana fyrr en á árinu 2014.

Afkoma einstakra deilda er mismunandi eins og sést í reikningum félagsins. Fimleikadeild er enn rekin með tapi. Þar er verk að vinna og er fimleikastjórn með þau mál til skoðunar.

(Framlag Hafnarfjarðabæjar vegna íþróttahúsnæðis er ekki með í þessum tölum enda fer það inn og út)

<b>Fimleikafél. Björk - 2013</b>	<b>Áætlun 2014</b>	<b>Raun 2013</b>	<b>Áætlun 2013</b>	<b>Raun 2012</b>
<b>Tekjur</b>				
Æfingagjöld	62.000	59.591	58.000	57.576
Fjáröflun	1.500	1.163	2.500	1.740
Leiga á sölum	6.200	6.386	6.300	6.213
Mót, sýningar og námskeið	4.000	4.256	4.000	7.582
Sala á varningi	500	349	0	-165
Auglýsingar & styrkir	1.500	1.368	2.000	2.527
Rio Tinto Alcan	3.500	3.030	3.000	2.846
Lottó	2.000	2.097	2.000	2.333
Rekstrarst. Hafnarfj. Og framlög	2.000	3.946	2.550	3.066
<b>Samtals tekjur</b>	<b>83.200</b>	<b>82.186</b>	<b>80.350</b>	<b>83.718</b>
<b>Gjöld</b>				
Laun og launat.gj.	62.000	58.662	51.000	50.849
Kostnaður v/þjáfunar	9.500	11.540	15.000	14.349
Námskeið og mótahald	4.000	4.748	4.000	8.241
Umsjón og stjórnun	2.300	1.857	3.200	3.695
<b>Samtals gjöld</b>	<b>77.800</b>	<b>76.807</b>	<b>73.200</b>	<b>77.134</b>
<b>Rekstrarafkoma</b>	<b>5.400</b>	<b>5.379</b>	<b>7.150</b>	<b>6.584</b>
<b>Kaup á búnaði og afskriftir</b>				
Viðhald og endurnýjun búnaðar	700	684	4.000	2.487
Afskriftir	2.100	1.599	1.000	2.953
<b>Samtals kaup og afskriftir</b>	<b>2.800</b>	<b>2.283</b>	<b>5.000</b>	<b>5.440</b>
<b>Fjármagnskostnaður</b>	<b>1.200</b>	<b>2.214</b>	<b>2.000</b>	<b>2.829</b>
<b>Hagnaður</b>	<b>1.400</b>	<b>882</b>	<b>150</b>	<b>-1.685</b>

Með bættum rekstri hefur mótast umræða innan félagsins hvernig rétt sé að ráðstafa tekjuafgangi. Hverri deild er ætlað að hafa nokkuð um það að segja hvernig hagnaði deildarinnar verður ráðstafað. Mótaðar hafa verið tillögur þar að lútandi sem þegar hefur verið hrint í framkvæmd að hluta og áfram verður unnið á þeirri braut. Þar er gert ráð fyrir því að hver deild leggi fyrir aðalstjórn í byrjun árs þegar rekstrarniðurstöður liggja fyrir tillögu um hvernig viðkomanid deild óskar eftir að ráðstafa sínum tekjuafgangi.

Á sama hátt og gert var fyrir ári síðan fylgir með í rekstrayfirliti ársins áætlun fyrir yfirstandandi ár.



## Að lokum

Nú þegar tekist hefur að koma fjárhag félagsins í öruggt skjól þá er rétt að fara að huga að framtíðaruppbyggingu félagsins. Þar kemur margt til greina sem taka þarf til skoðunar. Skynsamlegt getur verið að skipa starfshóp sem tekur þessi mál til athugunar og tekur þá mið af því með hvaða hætti við öllum sjáum félagið vaxa og dafna á komandi árum.

Þær lagabreytingar sem lagaðar eru fyrir aðalfund að þessu sinni gera m.a. ráð fyrir því að til verði félagadeild með þeim einstaklingum sem óska að vera félagar í Björk óháð íþróttadeild. Verði sú deild virk þá getur þar orðið til öflugur bakhjarl félagsins sem kannski væri rétt að fela verkefni eins og að skoða framtíðaruppbyggingu félagsins.

Deildarstjórnir hafa tekið meiri ábyrgð á starfsemi sinni og verkaskipting á milli deildarstjórna og aðalstjórna er að mótast enn betur. Aðalstjórn ber ábyrgð á fjármálum félagsins í heild og á að sinna því hlutverki fyrst og síðast ásamt því að vera tengilliður félagsins við bæjaryfirvöld. Umsjón og ábyrgð á hinu faglega starfi á að fara fram í deildarstjórnunum ásamt tengingu við þeirra sérsambönd.

5. maí 2014

Ingvar Kristinsson, formaður